

FORSÍÐUVIÐTALIÐ

STEFÁN HILMARSSON

Nafnið Stefán Hilmarsson ætti að hljóma kunnuglega fyrir flesta Íslendinga. Stefán hefur verið duglegur að skemmta landsmönnum allt frá því hann söng fyrst inn á plötu en það var um áramótin 1986 og 1987 og þá með Sniglabandinu. Skömmu síðar söng hann svo lagið 18 rauðar rósir, sem hljómar enn í dag töluvert mikið á öldum ljósvakans. Síðan má segja að leiðin hafi legið upp á við. Stefán var fulltrúi okkar Íslendinga í Eurovision söngvakeppninni ásamt Sverri Stormsker árið 1988. Hann er nú í „Sálinni hans Jóns míns“, en sú sveit er í hópi þeirra allra vinsælustu hér á landi. Við fengum Stefán Hilmarsson til að segja aðeins frá „Sálinni“ og sjálfum sér. Það sem okkur fýsti mest að vita var hvernig „Sálin hans Jóns míns“ varð til.

„Það er nú saga að segja frá því“ svarar söngvarinn, en heldur svo áfram: „Þetta byrjaði allt fyrir áramótin '87 og '88 en þá stóð Þorsteinn J. Vilhjálmsson og nokkrir félagar hans fyrir svokölluðu Blues Brothers kvöldi í Sigtúni. Hugmyndin var að smala saman í hljómsveit sem átti að leika lög úr myndinni Blues Brothers. Þorsteinn hafði samband við Jón Ólafsson Bítlavin og þeir völdu saman í bandið. Þegar upp var staðið þá var Jón að sjálfsögðu á hljómborð, Guðmundur Jónsson á gítar, Birgir Bragason á bassa, Einar Braga Bragason á saxafón, Pétur Grétarsson á trommur og ég var einn af nokkrum söngvurum sem komu fram á þessu sögufræga kvöldi. Þetta heppnaðist mjög vel og var þetta endurtekið skömmu síðar og þá í Tunglínu. Mánuði síðar hringdum við okkur saman ég, Jón Ólafsson og Guðmundur Jónsson. Við höfðum samband við Rafn Jónsson trommuleikara og Harald Þorsteinsson bassa-leikara og þeir gengu til liðs við „Sálinna“. Til að byrja með

vorum við bara „pöbba band“ ef það má orða það þannig. Síðan ákváðum við að spila það sem eftir var sumars '88 en platan hafði komið út um vorið. Ekki stóð til að „Sálin“ myndi lifa lengur en fram á haust þar sem Stefán Hjörleifsson Bítlavinur var að koma heim úr námi og Bítlavinafélagið því komið saman á ný og var ætlun þeirra að hljóðrita plötu, sem þeir og gerðu.

„Við Guðmundur ákváðum að halda áfram samstarfinu og þurftum því að finna nýja menn í stað þeirra Bítlavina. Margir voru prófaðir og í raun komst ekki endanleg mynd á hljómsveitina, þ.e.a.s eins og hún er í dag, fyrr en upp úr síðustu áramótum. Það má því segja að við Guðmundur höfum að mestu leiti staðið einir að lögunum þig bara þig og Neistinn sem komu út um jólin. Ég er mjög sáttur við þá liðsskipan sem er á hljómsveitinni í dag fyrir utan mig og Guðmund þá er Magnús Stefánsson trommuleikari, Friðrik Sturluson leikur á bassa og Ástvaldur Traustason sér um hljómborðsleikinn.“

Við inntum Stefán næst eftir því hvernig lögin 100.000 volt og Getur verið? urðu til..

„Guðmundur Jónsson átti þessi lög í fórum sínum ásamt fleirum, reyndar eru þetta ekki mjög gömul lög, kannski innan við tveggja ára gömul. En þessi voru sem sagt valin úr og ég samdi texta við þau. Persónulega finnst mér best að sitja heima í ró og næði þegar ég sem textana. Ég tel mig ekki vera neinn tímamóta textasmið, heldur sem ég dæmigerða dægurlagatexta og byggi þá

þannig upp að þeir séu léttir og auðlærðir.“

Eins og margir vita þá verður „Sálin hans Jóns míns“ á ferð og flugi í sumar og ætlar að spila víða um land. Við spurðum



Stefán hvort það væri ekki geysimikið álag sem fylgdi svona spilamennsku.

„Jú þetta er mikil keyrsla, bæði andleg og líkamleg. Maður fær aldrei frí um helgar. Við erum líka undir mikilli pressu að skemmta fólki og því fylgir mikið andlegt álag. En ef maður hefur gaman af þessu þá finnur maður síður fyrir þreytunni og álaginu.“

„Sálin“ hefur nú gert samning um gerð stórrar plötu sem væntanleg er á markað í haust. Næsta spurning var því tengd undirbúningi plötunnar.

„Það er verið að vinna í henni þessa dagana og gengur það vel. Reyndar er hún að komast á skrið fyrst núna, en það hefur óneitanlega áhrif þegar við erum að spila allar helgar. Platan kemur til með að samanstanda að mestu leiti af lögum eftir Guðmund og hef ég samið nokkra texta en við ætlum að reyna að dreifa textasmíðinni

sem mest innan hljómsveitarinnar. Annars eru nokkrir meðlimir farnir að hugsa sér til hreyfings hvað varðar lagasmíðar.“

Það leikur örugglega mörgum forvitni á að vita hvaða hljómsveitir eru í mestu uppáhaldi hjá Stefáni.

„Éf ég á að taka einhverja eina út þá eru það Bítlarnir. Að vísu er ég mjög víðföruill í tónlist og halda margir að ég sé geðklofi. Ég hlusta á allt frá argasta þungarokki upp í aumasta skallapopp og bókstaflega allt þar á milli.“

Eins og komið var inn á hér í upphafi þá hafa þeir Stefán og Sverrir Stormsker starfað saman. Okkur lék forvitni á að vita hvort það samstarf væri búið að gefa upp öndina.

„Já, það má segja að því sé lokið, allavega í bili. Samstarfið gekk ekki upp, það má segja að þetta hafi verið of stinn stál til að að geta gengið saman.“

Að lokum spurðum við svo þeirrar klassísku spurningar hvað Stefán Hilmarsson stefndi á í framtíðinni.

„Það er með hana eins og poppið, það er erfitt að spá í hana nema kannski hálf tölur í einu. Ég vonast auðvitað til að geta starfað sem mest við tónlist en þar virðast hæfileikar manns liggja og ekki vantar áhugann. Draumurinn er alltaf sá að geta komið ár sinni vel fyrir borð á erlendum markaði, en það er hlutur sem maður spáir ekki of mikið í. Að öðru leiti er framtíðin óráðin. Mér eru flestar leiðir opnar hvað varðar framhaldsnám þar sem ég hef stúdentspróf upp á vasann. Annars verður framtíðin að skera úr um hvað framtíðin ber í skauti sér.“ voru lokaorð Stefáns Hilmarssonar.